

11. Gjöld samkvæmt	12. gr.	fjárlaga	..	kr.	14 056 595.00	kr.	13 867 162.09	26
12. —	—	13. — A.	—	..	—	—	29 632 939.46	4. febr.
13. —	—	13. — B.	—	..	—	—	5 080 958.06	
14. —	—	13. — C.	—	..	—	—	9 868 877.33	
15. —	—	13. — D.	—	..	—	—	2 344 229.57	
16. —	—	14. — A.	—	..	—	—	3 613 833.47	
17. —	—	14. — B.	—	..	—	—	32 871 500.71	
18. —	—	15. — A.	—	..	—	—	3 129 008.77	
19. —	—	15. — B.	—	..	—	—	3 532 227.50	
20. —	—	16. — A.	—	..	—	—	22 937 747.99	
21. —	—	16. — B.	—	..	—	—	1 649 687.38	
22. —	—	16. — C.	—	..	—	—	772 211.10	
23. —	—	16. — D.	—	..	—	—	4 943 219.99	
24. —	—	17. —	—	..	—	—	28 397 230.45	
25. —	—	18. —	—	..	—	—	6 643 699.79	
26. —	—	19. — 1.	—	..	—	—	73 115 544.19	
27. —	—	19. — 2.	—	..	—	—	7 022 956.98	
28. —	—	19. — 3.	—	..	—	—	5 713 343.19	
29. Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga	—	—	31 085 588.00	—	108 347 866.39	
Mismunur út- og innborgana						—	2 167 441.39	
					Kr. 287 728 880.00	Kr. 406 256 015.75		

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

27

um breyting á lögum, nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðar-
húsa í kaupstöðum og kaupsýnum.

4. febr.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist:

Lánadeild smáíbúðarhúsa — og breyttist kaflaskipting laganna og greinatála
samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kaup-
túnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru
eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra
semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

27

4. febr.

3. gr.

(39. gr.) Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

4. gr.

(40. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáibúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundr-
aði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita herra lán til hvernar smáibúðar en 30
þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáibúðar, sem
lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

5. gr.

(41. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa
kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir
smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1.
veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnaðisþörf umsækjanda.

6. gr.

(42. gr.) Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánnum til smáibúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnaði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III.
kafla laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1946
og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Aftan við lögin komi nýtt bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga
sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu
 $5\frac{1}{2}$ af hundrði og lánstími 20 ár.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.